

---

# Klassi

---





# Það er kostur að vera í Klassa

**Klassi er vildarþjónusta** fyrir 9–15 ára krakka sem eiga reikning eða sparnað hjá Landsbankanum. Markmið Klassa er að leiðbeina félögum sínum og forsjármönnum þeirra um hvernig má fara vel með fjármuni og draga fram kosti þess að spara til lengri tíma.

# Klassasparnaður

**Klassafélögum og aðstandendum** þeirra er sérstaklega bent á að byggja upp sparnað til framtíðar. Reglubundinn sparnaður er einföld leið til að spara og í boði er úrval verðtryggðra og óverðtryggðra sparireikninga.

## Reglubundinn sparnaður

Með því að leggja ákveðna fjárhæð fyrir mánaðarlega er hægt að byggja upp góðan sparnað til framtíðar. Auðvelt er að hækka eða lækka upphæðina, en að lágmarki þarf að leggja fyrir 500 kr. á mánuði.

Ef lagðar eru 5.000 kr. á mánuði inn á reikning með 5% vöxtum í 10 ár verður fjárhæðin í lok tímabilsins um 775.000 kr.



Ef lagðar eru 5.000 kr. á mánuði inn á reikning með 5% vöxtum í 18 ár verður fjárhæðin í lok tímabilsins um 1.733.000 kr. Þar af eru vextir 653.000 kr.



# Reikningar

**Fjölmargar sparnaðarleiðir** standa Klassafélögum til boða. Verðtryggðir sparireikningar eru bundnir til að minnsta kosti 36 mánaða og henta þeim sem vilja leggja reglulega fyrir í lengri tíma. Óverðtryggðir sparireikningar henta þeim sem vilja meiri sveigjanleika.

## Framtíðargrunnur

- » Bundinn til 18 ára aldurs
- » Hæstu vextir sparireikninga Landsbankans
- » Val á milli verðtryggðs eða óverðtryggðs sparireiknings

## Landsbók

- » Verðtryggður sparireikningur
- » Bundinn í 36, 48 eða 60 mánuði

## Sparireikningur

- » Óverðtryggður sparireikningur
- » Bundinn í 3, 12 eða 24 mánuði
- » Hvert innlegg er laust þegar binditími þess er liðinn og binst ekki aftur

## Kjörbók

- » Óverðtryggður sparireikningur
- » Alltaf laus
- » Vextir lagðir við höfuðstól tvisvar á ári

**Um verðtryggða sparireikninga:** Eftir binditíma er hver innborgun laus í einn mánuð, en binst síðan aftur í fimm mánuði. Með samningi um reglubundinn sparnað geta allar innborganir verið lausar eftir binditíma reiknings en wwbindast síðan aftur í fimm mánuði.

# Klassareikningur og debetkort

**Klassafélagar á aldrinum 9-15 ára** geta fengið Klassareikning og debetkort með samþykki forráðamanna.

| Klassareikningur                                                                                                                                                                                                                                                                                       | Klassadebetkort                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <div><div>»</div><div>Fyrir ungt fólk á aldrinum 9-15 ára</div></div> <div><div>»</div><div>Óbundinn og óverðtryggður</div></div> <div><div>»</div><div>Yfirdráttarheimild er ekki veitt á reikningnum</div></div> <div><div>»</div><div>Hærri innlánsvextir en á almennum veltureikningum</div></div> | <div><div>Klassafélagar sem eiga klassareikning geta fengið debetkort sem nota má í verslunum og hraðbönkum.</div><div><div>»</div><div>Fyrir ungt fólk á aldrinum 9-15 ára</div></div><div><div>»</div><div>Ekkert árgjald</div></div><div><div>»</div><div>Engin færslugjöld</div></div><div><div>»</div><div>Virkar bæði í verslunum og hraðbönkum</div></div><div><div>»</div><div>Klassakort er alltaf síhringikort</div></div></div> |

# Klassagjafir

**Klassafélagar fá gjafir** við ýmis tækifæri. Nýir félagar fá veglega inngöngugjöf og allir Klassafélagar fá gjafir þegar þeir koma í útibú og leggja inn á sparireikning.

| Fermingar                                                                                                                                                                        | Gjafavara                                                                             | Stórafmælisgjöf                                                                                                         |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fermingarbörn eru hvött til að leggja fermingarpeningana sína fyrir og ávaxta þá. Fjölmargar sparnaðarleiðir standa til boða sem henta vel til að byggja upp sjóð til framtíðar. | Gjafavara er í boði fyrir Klassafélaga þegar þeir koma og leggja inn á reikning sinn. | Landsbankinn gefur virkum Klassafélögum* afmælisgjöf á 10 ára afmæli þeirra og óskar þeim til hamingju með stórafmælið. |

\*Klassafélagar eru virkir ef þeir hafa lagt inn á reikning undanfarna 12 mánuði.

# Klassi á netinu

**Á vefsvæði Landsbankans** er að finna allar upplýsingar um Klassa, s.s. nýjungar, gjafir, tilboð og fleira. Gott er fyrir Klassa-félaga og forráðamenn þeirra að fylgjast vel með á vefnum.

| Netbankinn                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Meniga                                                                                                                                                               |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Klassafélagar, 13 ára og eldri, geta fengið aðgang að netbanka. Í netbankanum geta Klassafélagar skoðað reikningana sína, milli-fært, fyllt á símakort og margt fleira. Hægt er að sækja um aðgang að netbankanum í öllum útibúum Landsbankans. Undirskrift foreldris eða forráðamanns þarf að fylgja umsókn. | Klassafélagar, sem eru með aðgang að net-bankanum, geta fengið góða yfirsýn yfir fjár-málin sín og sett sér sparnaðarmarkmið með aðgangi að Meniga heimilisbókhaldi. |



# Tómstundastyrkir

**Virkir Klassafélagar\*** eiga kost á því að sækja um tómstundastyrki sem veittir eru árlega. Þetta er kjörið tækifæri til að fá fjárhagslegan stuðning og einfalda það að stunda áhugamálin.

Umsóknarfrestur um tómstundastyrki er auglýstur með góðum fyrirvara. Nánari upplýsingar eru á [landsbankinn.is](https://landsbankinn.is).

\*Klassafélagar eru virkir ef þeir hafa lagt inn á reikning undanfarna 12 mánuði.

# Fjármunir ófjárráða

Mismunandi reglur gilda um meðferð fjármuna barna samkvæmt lögræðislögum en í grófum dráttum má skipta þeim svona:

**Sjálfsaflafé** – það fé sem barn hefur sjálft unnið sér inn

**Gjafafé** – það fé sem barninu hefur verið gefið

**Annað fé** – annað fé en það sem nefnt er hér ofar, t.d. arfur og alls kyns bótageiðslur

Meginreglan er að foreldrar barns eða forsjáraðilar fara með fjárhald þeirra fjármuna sem barnið ræður ekki yfir og er sá aðili nefndur lögráðamaður. Lögráðamanni ber skylda til að fræða barnið og taka ákvarðanir um fjárhag þess með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Umráð lögráðamanns ná þó hvorki til eftirtalins fjár né vaxta og verðbóta af því:

Fé sem barnið hefur sjálft unnið sér inn (sjálfsaflafé)

Fé sem barninu hefur verið gefið án skilyrða (gjafafé)

Fé sem lögráðamaður hefur látið barnið hafa til ráðstöfunar

## Kynntu þér Klassa á landsbankinn.is

---

Nánari upplýsingar um Klassa má finna á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)  
eða í næsta útibúi Landsbankans.

---